

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Austurbakki 2.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 27. nóvember 2015 breytingu á deiliskipulagi Austurhafnar vegna lóðarinnar nr. 2 við Austurbakka. Í breytingunni felst að heimiluð er 7. hæð á reit 5 að hámarki 600 m² fyrir opna veitingaþjónustu og verður efsta hæðin inndregin frá byggingarlínu um 5 metra. Einnig skulu handrið lúta sömu skipulagskröfum og skjólvirki hvað varðar hámarkshæð og gegnsæi. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 4. mars 2016.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 18. mars 2016